

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisaðgerðir vegna verðbólgu).

Í fjárlögum er gert ráð fyrir 3,3% hækkun verðlags á árinu 2022. Nú er því spáð að verðlag hækki um 7,5%, jafnvel 9% á árinu.

Hækkun húsnæðisbóta í frumvarpinu bætir upp vísitöluhækkun leigu vegna umframverðbólgu á leigufjárhæð upp á um 57 til 77 þúsund krónur fyrir þann sem býr einn, 75 til 102 þúsund krónur fyrir tvö í heimili, 88 til 120 þúsund krónur fyrir þrjá í heimili og 96 til 130 þúsund krónur fyrir fjögur í heimili eða fleiri. Allt er þetta langt undir meðaltali húsaleigu í dag. Það er því ljóst að aukin verðbólga mun skerða kaupmátt tekjulágra leigjenda, hækkun húsaleigubóta bætir aðeins hluta af hækkun húsaleigu vegna aukinnar verðbólgu.

Þrátt fyrir hækkun á frítekjumarki samkvæmt frumvarpinu byrja húsnæðisbætur að skerðast við tekjur sem ekki duga fyrir framfærslu og húsaleigu. Bætur einstaklings byrja að skerðast ef hann er með hærri tekjur en tæplega 408 þúsund krónur á mánuði. Sá sem er með rúmlega 691 þús. kr. á mánuði fær engar bætur. Bætur pars með eitt barn byrja að skerðast við 632 þús. kr. Það merkir að ef báðir hinna fullorðnu eru á lágmarkslaunum, 378.500 kr. á mánuði, þá eru húsnæðisbætur fjölskyldurnar skertar um 13.788 kr. Ef parið er með meira en 1.070 þús. kr. á mánuði, 535 þús. kr. á mann, fær fjölskyldan engar bætur.

Það er því ljóst að frumvarpið bætir aðeins allra tekjulægstu leigjendum skaðann af aukinni verðbólgu og þá aðeins hluta skaðans. Stóran hluta skaðans verður þessi hópur að bera sjálfur, fólk og fjölskyldur sem fyrir aukna verðbólgu gat engan veginn náð endum saman.

Frumvarpið bætir öðrum leigjendum skaðann að mjög litlu eða engu leyti. Leigjendur sem vinna mikið, eru í tveimur eða þremur vinnum til að geta framfleytt sér og sínum og borgað okurleigu, fá engan stuðning í þessu frumvarpi. Há húsaleiga neyðir þetta fólk til að vinna mikið og þar með fer það yfir lág tekjuviðmið laganna. Þetta fólk þarf því án aðstoðar að bera kostnaðinn af verðbólgu sem rekja má til faraldurs og stríðs í útlöndum, en kannski fyrst og fremst aðgerðarleysis íslenskra stjórnvalda í húsnæðismálum, aðgerðarleysi sem hefur magnað upp mælda verðbólgu.

f.h. stjórnar Samtaka leigjenda á Íslandi
Guðmundur Hrafn Arngrímsson